

## Samkomuhús Suðurnesjabæjar – Reglur og ábyrgð leigutaka

### **Aldurstakmark:**

Leigutaki þarf að vera **25 ára eða eldri** og ber fulla ábyrgð á viðburðinum, gestum sínum og umgengni í húsinu.

### **Skil á húsinu:**

- **Leiga til kl. 19:** Húsinu skal skilað hreinu og frágengnu fyrir kl. 21 sama dag.
- **Leiga lengur en kl. 19:** Húsinu skal skilað hreinu og frágengnu fyrir kl. 10 daginn eftir.

### **Lykilskil:**

Skila skal lykli **næsta virka dag í Ráðhúsið í Garði.**

### **Frágangur áður en húsi er skilað**

#### **Eldhús**

- Vaska upp allt leirtau og ganga frá í skúffur og skápa
- Tæma og þrifa uppþvottavél
- Þrifa ofn og ísskáp
- Þrifa helluborð, vask, borðplötur og bar
- Þurrka af skúffum og veggjum ef þess er þörf

#### **Salur**

- Þurrka af borðum og stólum
- Ganga frá sviði og slökkva á græjum og skjávarpa
- Raða borðum og stólum í minni salinn eftir notkun
- Ef partýbombur eru notaðar þarf að moppa salinn

#### **Annað**

- Tæma allt rusl úr húsinu og setja í ruslagám fyrir aftan húsið
- Týna upp rusl í kringum húsið
- Ganga frá óhreinum tuskum í poka í ræstikompu eða eldhúsi
- Ganga frá efri hæð

### **Reglur varðandi úthlutun fyrir fermingar:**

- Sækja þarf um í gegnum Þjónustugátt Suðurnesjabæjar.
- Nóg er að tilgreina ártal í umsókn.
- Dreigið er úr umsóknum fyrstu vikuna í mars ár hvert fyrir fermingar næsta árs.

### **Almennar reglur**

- Fara skal vel með hús, búnað og innréttingar
- Ekki má loka eða hindra neyðarútganga
- Reykingar og vape er ekki leyfilegt inni í húsinu
- Gæta skal að nágrönnum og halda hávaða í hófi

### **Viðburðartími og hávaði:**

Almennt skal miða við að viðburði ljúki **eigi síðar en kl. 01:00 eftir miðnætti**, þar sem húsið er staðsett í íbúðahverfi. Leigutaki skal tryggja að hávaði og umgangur valdi ekki ónæði.

### **Áfengi og leyfi:**

Ef áfengi er selt eða veitt á viðburði er það á ábyrgð leigutaka að **sækja um tilskilin leyfi hjá viðeigandi yfirvöldum** og fara eftir gildandi lögum og reglum.

Leigutaki ber ábyrgð á tjóni sem kann að verða á húsinu eða búnaði þess.

Ef húsinu er ekki skilað í ásættanlegu ástandi getur sveitarfélagið rukkað **þrifa- og/eða tjónagjald**.

*Samþykkt á fundi ferða- safna og menningarráðs 09.04.2026*